

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

### 18. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2024, Föstudaginn 12. janúar kl. 8:30, var haldinn 18. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

#### Mættir voru á fundinn:

Jónas Ólafur Skúlason oddviti, Aníta Björk Pálinudóttir, Eiríkur Valgeir Scott, Dagbjört Hjaltadóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:


- Skýrsla sveitarstjóra fyrir 18. fund sveitarstjórnar.  
*Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd. Sveitarstjóra falið að skoða samþykktir Súðavíkurhrepps sem varðar nefndar og stjórnarlaun.*
- Úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík 2023/2024.  
*Mæting á fundinn.*  
*Fengin fram sjónarmið þeirra hagaðila sem byggðakvótann varða. Skoðanir eru skiptar um mögulegar leiðir til þess að skipta byggðakvóta og um útlagningu reglna sem og verð fyrir landaðan afla. Sveitarstjórn mun freista þess að skila inn ósk um sérreglur sem geta mætt þeim sjónarmiðum. Sveitarstjóra falið að útfæra og skila inn.*
- Erindi til hreppsnefndar. Rannsóknarreglan. Tp. dags. 29.11.2023.  
*Sveitarstjórn hafnar því að breyta fundargerð sem vitnað er til í erindi og vísar til þess að sveitarstjóri sat í vitnastúku við málflytning í málinu og svaraði samkvæmt sinni sannfæringu. Sveitarstjórn hefur ekki forsendur til þess að meta það hvað fram fór við málflytning í umrætt sinn. Skýrsla sveitarstjóra er á hans ábyrgð og byggð á hans upplifun af því sem fram fór.*
- Römpum upp Súðavík. Erindi dags. 8.1.2024  
*Sveitarstjórn leggur til að farið verði í verkefni við Súðavíkurskóla, samkomuhús og Súðavíkurkirkju.*
- Erindi frá Arctic Fish dags. 19.12.2023.  
*Súðavíkurhreppur þakkar fyrir upplýsingarnar um þær álögur sem settar eru á greinina í uppbyggingarfasa.*
- Umsagnarmál/kynningarmál.
  27. mál frá nefnda og greiningarviði alþingis – frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga.  
*Lagt fram til kynningar.*
  - Umsgögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um raforkulögum (raforkuöryggi) frá samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.  
*Sveitarstjórn fagnar því að stigið sé skref til þess að tryggja að forgangur heimila til raforku sé tryggður.*
  - Fundargerð 940. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
*Lagt fram til kynningar.*
  - Beiðni um verð í frumhagkvæmnismat sorpbrennslu – kynning.  
*Sveitarstjórn fagnar þessu framtaki og vonar að farsæl lausn fái í þessum málaflokki til framtíðar.*

7. Pílukastaðstaða í bókasafni.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og telur að það verði til frekari notkunar á rými í bókasafni. Lagt til að Súðavíkurreppur kosti til búnað til iðkunar. Jafnframt er lagt til að kaupa poolborð til notkunar á sama stað.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:15




Bragi Þór Thoroddsen




Aníta Björk Pálinudóttir

DAGB). HJALTAD.

Dagbjört Hjaltadóttir



Eiríkur Valgeir Scott



Jónas Ó. Skúlason oddviti